

Maí 2025

Bónbréf um styrk til kaupa á flygli í Skálholtsdómkirkju.

Kæri viðtakandi,

Skálholtsdómkirkja hefur nýlega hlotið gagngera yfirhalningu og er nú sem ný kirkja. Hún hefur sterka stöðu sem miðstöð ýmissa viðburða á kirkjulegum vettvangi auk þess að vera vinsæl fyrir kirkjulegar athafnir og tónleika. Við kirkjuna starfa nú prestur, djákni, organisti auk vígslubiskups. Skálholtskórinn á heimili í kirkjunni en saga kórsins er löng og starf hans hefur skapað mikla tónlistarhefð í uppsveitum Árnessýslu.

Löngu er tímabært að Skálholtsdómkirkja eignist gæða flygil en þar er hljómburður einn sá besti á landinu og er kirkjan talin vera eitt besta sönghús landsins. Með tilkomu flygils mun helgi- og tónlistarhald verða fjölbreyttara og fegurra og auka við menningarflóru Suðurlands.

Tónleikum í kirkjunni fjölgar sífellt og er orðin sívaxandi þörf á slíku hljóðfæri. Fjölmarginir kórar, íslenskir sem erlendir, sækjast eftir því að koma fram í Skálholti. Mörg kórverk eru skrifuð fyrir kór með píanóundirleik og hefur því oft verið notast við rafmagnshljóðfæri af misjöfnum gæðum og töluverðum tilfæringum.

Þegar hefur safnast vænn sjóður, aðallega frá Kirkjusjóð Laugarvatns og fráfarandi ríkisstjórnar en einnig með frjálsum framlögum sveitunga og tónleikagesta, og eru nú tæpar 13 milljónir í sjóðnum. Stefnt er að því að kaupa flygil í hæsta gæðaflokki í kirkjuna og því verður Steinway fyrir valinu.

Flygilinn sem verður af Steinway tegund kostar í dag um 35 milljónir króna, með flutningi og stillingu. Svo heppilega vildi til að Salurinn í Kópavogi er að selja sinn flygil sem fæst á 16 milljónir króna. Enn vantar því um 3 milljónir til þess að fullfjármagna þessa framkvæmd.

Kæri velunnari Skálholtdómkirkju, við förum þess því góðfúslega á leit við þig, að styrkja þetta átak svo það megi verða bæði farsælt og öllum til sóma.

Það er hægt að gera með því að því að leggja inn á reikning Flygilsjóðsins 0133-15-001647 á kennitölu 610172-0169.

Fyrir hönd Skálholtsdómkirkju með kærum kveðjum úr Skálholti

Jón Bjarnason, dómorganisti Skálholtsdómkirkju
Þórarinn Þorfinnsson, formaður sóknarnefndar Skálholtsdómkirkju